# Starfsáætlun foreldrafélags leikskólans Álfasteins í Hörgársveit 2024-2025

**Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2024-2025**

- Sandra Malmquist Guðjónsdóttir formaður sandragud89@gmail.com
- Linda Margrét Gunnarsdóttir gjaldkeri lindamg92@gmail.com
- Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir ritari johannagunn09@gmail.com
- Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir meðstjórnandi sigurlaugse@gmail.com

**Dæmi til að gera að sínu**
**Dagskrá starfsársins:**

| Dagsetning og tími | Dagskrá: |
|---|---|
| 5. nóv. 2024 | Aðalfundur og venjuleg aðalfundarstörf. Fyrirlestur um næringu barna. |
| 18. nóv. 2024 | Skipulag á jólaballi 8. des nk., jólagjafir og innpökkun |
| 8. des 2024 | Jólaball |
| 14. janúar 2025 | Rædd drög að afmælishátíð og Blær kynntur |
| **febrúar 2025** | Foreldafélag gaf tannkrem í tannverndarviku og keypti góðgæti fyrir öskudag |
| 12. mars 2025 | Skipulag afmælishátíðar, ákváðum leiksýningu og ræddum skipulag sveitaheimsóknar |
| 9. apríl 2025 | Afmælishátíð og sveitaferð rædd |
| 3. maí 2025 | Sveitaferð |

| | |
|---|---|
| maí 2025 | Undirbúningur afmælishátíðar |
| 23. maí 2025 | Afmælishátíð leikskólans |

Starfsreglur fyrir Foreldrafélag Álfasteins

1. gr. Félagið heitir Foreldrafélag Álfasteins. Starfsheiti skal vera Álfavinir.

2. gr. Allir foreldrar/forráðamenn barna eru félagar í foreldrafélaginu.

3. gr. Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og starfsfólks á Álfasteini og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólksins sem þar starfar.

4. gr. Öllum félagsmönnum er frjálst að koma með tillögur til stjórnar um fræðsluefni eða upplýsingar er varða hina ýmsu þroskaþætti barna.

5. gr. Stjórn félagsins skipa 3 aðalmenn og 2 til vara og 1 frá Álfasteini. Að minnsta kosti einn úr stjórn sitja áfram í nýrri stjórn. Fulltrúi starfsfólks skal jafnan sitja stjórnarfundi. Kosning stjórnar skal fara fram á aðalfundi að fengnum tillögum stjórnar.

6. gr. Aðalfund félagsins skal halda að hausti ár hvert og boða með viku fyrirvara. Ef félagsmenn óska eftir fundi er stjórninni skylt að boða til fundar.

7. gr. Gjöld eru innheimt einu sinni í mánuði með leikskólagjöldum.

8. gr. Starfsreglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.

9.gr. Stjórn foreldrafélagsins er jafnframt foreldraráð leikskólans. Þar má ekki sitja foreldri sem einnig er starfsmaðurleikskólans.

10.gr. Foreldraráðið fundar a.m.k. tvisvar sinnum á skólaárinu þar sem það sinnir umsagnar- og eftirlitshlutverki sínu.

*Munið að félagið stendur og fellur með þeim sem í því eru !*

Samþykkt á aðalfundi 5. nóvember 2024

**Ýmsar hagnýtar upplýsingar má kynna sér um hlutverk foreldraráðs og foreldrafélags hér í þessari handbók:**
[https://cdn.prod.website-files.com/60e71b181988600ec97c52e5/61ae1607f7d348ec33f41cf3_HS_Handb%C3%B3k_leikskola%20(1).pdf](https://cdn.prod.website-files.com/60e71b181988600ec97c52e5/61ae1607f7d348ec33f41cf3_HS_Handb%C3%B3k_leikskola%20(1).pdf)

| Hlutverk foreldraráðs | Hlutverk foreldrafélags |
|---|---|
| • Fjallar um og gefur umsögn til leikskólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir[3] sem varða skólahaldið<br>• Fylgist með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum<br>• Kemur á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og skólanefndar<br>• Starfar með skólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans | • Vera samstarfsvettvangur foreldra<br>• Stuðla að góðum skólaanda m.a. með því að vinna að öflugu félagslífi í leikskólanum<br>• Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans<br>• Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi leikskólastarfið til skólastjórnenda og foreldraráðs |
| **Verkefni foreldraráðs** | **Verkefni foreldrafélaga** |
| • Fulltrúi situr skólanefndarfundi og kemur þar sjónarmiðum foreldra á framfæri auk þess að leggja fram tillögur ef við á<br>• Fulltrúi situr fundi með foreldrafélögum og skólastjórnendum um skólastarfið og áætlanir því tengdu<br>• Fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir skólans og útbúa umsagnir um þær<br>• Taka þátt í ýmsum verkefnum á vegum skólanefndar sem fulltrúar foreldra<br>• Taka þátt í samstarfi foreldraráða og –félaga um sameiginlega hagsmuni nemenda á svæðinu<br>• Taka þátt í landssamtökum foreldra | • Skipuleggja viðburði í samstarfi við leikskólann<br>• Styðja og hvetja deildarfulltrúa til að efla deildaranda og foreldrasamstarf á hverri deild<br>• Koma á umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál<br>• Veita leikskólanum lið í að bæta aðstæður til leiks og náms<br>• Sitja fundi með foreldraráði og skólastjórnendum um skólastarfið<br>• Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra á sínu svæði<br>• Taka þátt í landssamtökum foreldra |